



Þar sem Curiosity gæti ekið

Þessi mynd er hluti af röð litaræma sem HiRISE hefur tekið til að hjálpa Curiosity jeppanum að aka um yfirborð Mars í framtíðinni. Á nærmyndinni (þar sem búið er að ýkja litinn) sést áhugaverður hluti þessa svæðis, í lægri hlíðum róta Sharpfjalls þar sem jeppinn gæti rannsakað setlög með ýmsar berggerðir.